

A 1902/UVU

| | |
|-------------------|--------------------------------------|
| Flytjandi | Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin |
| Afgreiðsla | Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin |

Nefndartillaga um að leggja áherslu á rannsóknir og nýtingu á öllum tegundum sjálfbærra orkulinda á Norðurlöndum**Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gera grein fyrir hvernig rannsóknum, óháð tækni, um nýtingu á sjálfbærum orkulindum er forgangsraðað á Norðurlöndum

að gera grein fyrir hvernig norrænu löndin auka vægi grænna umskipta í orkugeiranum með áherslu á hraðari þróun á sjálfbærum orkulindum

að gera grein fyrir hvernig samstarfi í orkumálum er háttáð á milli norrænu landanna

að gera grein fyrir fjárfestingum í hverju landi í grænum umskiptum

Greinargerð

Núverandi orkukreppa sýnir greinilega að við þurfum að fjárfesta enn frekar í endurnýjanlegum orkugjöfum. Neytendur á Norðurlöndum upplifa nú gríðarlegar verðhækkanir á orku- og hitagjöfum sem hefur í för með sér áskoranir bæði félagslega og hvað varðar loftslagsmál.

Öll norrænu löndin hafa sett sér markmið um kolefnishlutleysi til ársins 2050. Það hefur í för með sér umtalsverð græn umskipti í orkugeiranum. Þrátt fyrir þessa áherslu á endurnýjanlega orku er jarðefnaeldsneyti enn stór hluti af orkuframleiðslu á Norðurlöndum.

Nefndin telur að við þurfum þess vegna að setja rannsóknir og þróun á mismunandi tegundum endurnýjanlegrar orku í forgang svo að norrænu löndin geti haldið áfram að vera leiðandi í grænum umskiptum og náð markmiðum sínum um kolefnishlutleysi svo fljótt sem auðið er. Þegar eru til margar mismunandi tegundir endurnýjanlegrar orku en stöðugleiki er einn þáttur sem horft er til. Þess vegna þurfum við að þróa sjálfbærar tæknilausnir sem tryggja geta traust og grænt orkunet í framtíðinni. Til að ná þessu fram má ekki útiloka fyrirbyggjandi eða mögulega nýjar orkulindir fyrirfram.



Gera þarf allt sem unnt er til að uppfæra trausta og græna sameiginlega norræna orkunýtingu.

Sjónarmið nefndarinnar

Það er álit nefndarinnar að tillagan sé réttmæt bæði hvað varðar rannsóknir á endurnýjanlegum orkulindum í þeim tilgangi að ná fram kolefnishlutleysi og hvað varðar þann aukna kostnað við orkunotkun sem orkukreppan hefur haft í för með sér fyrir einstaklinga jafnt sem fyrirtæki.

Tillaga nefndarinnar skal stuðla að því að tryggja að löndin með samvinnu sinni nái þeim markmiðum um að vera kolefnishlutlaus árið 2050 og uppfylla framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði orðin sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Nefndin er meðvituð um að skilgreiningar á sjálfbærri orku kunni að vera mismunandi eftir löndunum.

Malmö, 21. mars 2022

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Vikström (S)

Anne Kristine Linnestad (H)

Arman Teimouri (L)

Freddy André Øvstegård (SV)

Jaspar Langgaard (sb)

Karianne B. Bråthen (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Lars Püß (M)

Maria Stockhaus (M)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Per Olav Tyldum (Sp)

Stein Erik Lauvås (A)

Tor André Johnsen (FrP)

Vilhelm Junnila (saf)